

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

7. fundur stjórnar L.H. 1990 var haldinn í Bændahöllinni þann 18.06.1990 kl. 14:00

Mættir: Kári, Skúli, Guðmundur, Sigurður, Jón, Sigfús, Kristbjörg, Gunnar og Ingimar. Einnig Hjalti Pálsson, framkvæmdastjóri.

1. Landsmót 1990. Skúli greindi frá síðasta framkvæmdanefndarfundi og taldi hann framkvæmdir í góðu horfi og nefndi hann ýmis atriði. Dvaldi hann við kostnað vegna löggæslu, sem hann taldi óheyrilegan. Minntist hann á forsetaheimsókn, sem hefur þegar verið skipulögð.

Skúli ræddi um merkingar á hrossum, þar sem eru númer sem vísa til sýningarskrár. Sú hugmynd hefur komið fram, að vera með límmiða, sem límdir eru á stígvél knapanna. Þá gat Skúli um túlkun á mæltu máli fyrir útlendinga. Taldi hann þetta nauðsynlegt, en eigi að síður hafa komið fram ýmsir annmarkar á þessu, sem þyrfti að leysa.

Hjalti greindi frá því að forseti komi til Sauðárkróks upp úr kl. 9:00 á sunnudagsmorgun. Ætti hún að koma til mótsins kl. 10:15. Lagði Hjalti áherslu á, að allt þurfi að vera skipulagt upp á mínútu. Sagði Hjalti að útnefna þurfi fylgdarmann. Hjalti rakti dagskrá heimsóknarinnar í smáatriðum.

Kristbjörg greindi frá ýmsu varðandi þennan þátt.

Nokkrar umræður urðu um þetta atriði.

Hjalta, Kristbjörgu, Hirti Einarssyni og Kára var falið að skipuleggja það sem á vantar.

Þá var rætt um númerin. Niðurstaðan var að gera tillögu til framkvæmdanefndar um að gerð verði plastnúmer með klemmu til að hafa á stígvélu. Einnig verður þess farið á leit við mótið að það fjármagni númeraplötunar a.m.k. til að byrja með.

Umræður um þýðingar. Ekki verður um beina endursögn að ræða, heldur verði kynnt örstutt hvert atriði á erlendu máli. Síðan eru hrossin númeruð, dagskrá verður prentuð á erlendum málum einnig.

2. Kynbótadómar. Sigurður Haraldsson í Kirkjubæ kom til fundar og var hann boðinn velkominn. Rakti formaður gang mála nú í vor. Taldi hann nauðsynlegt að gera eitthvað í málín. Síðan urðu umræður. Fundarmönnum þótti æskilegt að fara fram á fjölgun í dómnefnd á landsmóti úr 3 í 5 og var fulltrúum falið að meta það. Það var mál manna að fara varlega í málín vegna landsmóts.

3. Aths. vegna úrtöku gæðinga fyrir landsmót.

- a) frá Ósk Sigurjónsdóttur, Herði, um úrtöku þess félags.
- b) frá Óla S. Jóhannssyni, Létti, um úrtöku þess félags.
- c) frá Sveinbirni Guðjónssyni, Sleipni, um úrtöku þess félags.
- d) frá stjórn Sleipnis varðandi mál c).

Það kom fram í máli formanns að engar erglur eru til um val gæðinga á landsmót.

Gunnar ræddi um mál c og d og lagði áherslu á, að móta þurfi reglur um þessi mál.

Ræddu fundarmenn þessi mál.

Niðurstafaðan var að skoða aðferðir við val á hrossum á landsmót á næsta þingi. "Það er ekki á valdi stjórnar L.H. að úrskurða aðferðir við val á gæðingum á landsmót, þar sem engin lög mæla fyrir um, hvernig það skuli gert".

Sigfús bað um álit manna á því hvort áletrun á jökkum sýnenda afkvæma tiltekins stóðhests, með nafni hestssins teldist auglýsing eða ekki. Stjórnin taldi að þetta gæti kallast auglýsing og félst stjórnin ekki á þetta.

4. Inntökubeiðni Þráins lá fyrir og þeim fagað í samtökin með formlegum hætti.

5. Reiðvegafé. Gunnar skýrði frá störfum úthlutunarnefndar. Kynnti hann erindi, sem höfðu komið til nefndarinnar. Fyrirspurn kom um úthlutun til félaga á Reykjavíkursvæði og svaraði Gunnar því.

6. Hjalti greindi frá því helsta sem er á döfunni í Skógarhólum, og er umferð þegar hafin. Sigurður Þorsteinsson er ráðinn eftirlitsmaður. Sagði hann að þarna væri allt að komast í gott horf.

Gunnar greindi frá smíði á hliðum og ýmsu fleira.

7. Reiðhöllin. Formaður greindí frá stöðu mála þar. Frekar jákvæðar undirtektir eru hjá ríkinu í málínu, en eftir er að ræða við borgina. Reiðskólinn stendur undir sér að því er virðist.

Formaður greindi frá beiðnum um styrki. Beiðni frá íslenskri konu búsettri í Frakklandi til kvíkmyndagerðar var hafnað. Beiðni frá Hestamyndum um styrk til að gera kvíkmynd um járnningar. Málínu frestað og ákveðið að ráðfæra sig við Sig. Odd Ragnarsson og samþykkt að veita 10.000 kr.

Beiðni frá S.V.F.Í. um styrk til að gera viðvörunarskilti víð ár og vötn. Lýst er stuðningi við þetta málefni, en vegna fjárhagsástæðna er ekki hægt að styðja þetta með fjármögum á þessu stigi.

Gunnar minntist á áningaráhólf og hafði hann fengið umsókn um slikt frá Ljúf í Hveragerði. Gunnar sagði sjóðinn vera að tæmast og bað menn að íhuga, hvað gert yrði í framtíðinni.

Sigurður taldi að stórhækka þyrfti framlög til reiðvegagerðar og ætlar hann að taka það upp við ráðherra.

Jón Bergsson greindi frá fundi með dómurum og var niðurstaðan, að á næsta ári yrði komið á dómaranámskeiði á Austurlandi.
Á því virðist ekki fyrirstaða.

Ákveðið var að heiðra Gunnar Bjarnason á landsmótinu og til greina getur komið að heiðra Höskuld Eyjólfsson einnig, ef heilsa hans leyfir.

Guðm. Jónsson

Kári Arnórsson
Kristbjörg Eyvindsdóttir
Sigurður Hallmarsson
Ingimar Ingimarsson
Gunnar B. Gunnarsson.

Skúli Ögm. Kristjónsson
Jón Bergsson.
Sigfús Guðmundsson.